

ISSN 1608-3687

Rit Mógilsár Rannsóknastöðvar Skógræktar
Nr. 6
Maí 2001

Landsúttekt á skógræktarskilyrðum

Áfangaskýrsla 1997–2001 fyrir
Norðurland

Höfundar:

Arnór Snorrason
Stefán Freyr Einarsson
Tumi Traustason
Fanney Dagmar Baldursdóttir

Netfang: arnorr@simnet.is

Ritnefnd Rits Mógilsár skipa:
Aðalsteinn Sigurgeirsson
Ólafur Eggertsson
Haukur Ragnarsson

Ritstjóri: Hreinn Óskarsson
Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Sigurgeirsson

1 SAMANTEKT

Arnór Snorrason, Stefán Freyr Einarsson, Tumi Traustason og Fanney Dagmar Baldursdóttir. Landsúttekt á skógræktarskilyrðum. Áfangaskýrsla 1997 – 2001 fyrir Norðurland. Rit Mógilsár Rannsóknastöðvar Skógræktar nr.6 /2001. 71 s.

Árið 1997 var hafist handa við nýja úttekt á skógræktarskilyrðum á Íslandi. Markmið hennar er að geta lýst betur vaxtarskilyrðum helstu trjátegunda í skóg- og trjárækt en þær eru eftirtaldar:

1. Ilmbjörk (*Betula pubescens* Ehrh.) (gróðursett eða sáð).
2. Alaskaösp (*Populus trichocarpa* Torr. & Gray).
3. Ilmreyfir (*Sorbus aucuparia* L.) (gróðursettur eða sáður).
4. Hraðvaxta víðir sem eru alaskavíðir (*Salix alaxensis* Cov.) og víðja (*S. borealis* B.Flod).
5. Grenitegundirnar sitkagreni (*Picea sitchensis* (Bong.)Carr.), blágreni (*P. engelmannii* (Parry), hvítgreni (*P. glauca* (Moench) Voss.) og rauðgreni (*P. abies* (L.) Karst.).
6. Stafafura (*Pinus contorta* Dougl.).
7. Síberíulerki (*Larix sibirica* Ledeb) (þ.e. rússa- og síberíulerki).

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir frumniðurstöðum trjámælingahluta úttektarinnar í einum landsfjórðungi, Norðurlandi. Þegar er búið að birta samsvarandi skýrslu fyrir Vesturland (Arnór Snorrason ofl. 2001). Mælingarnar fóru fram árin 1999 og 2000. Reynt var að leggja út net mælistaða fyrir hverja tegund. Viðmiðunarfjarlægð milli mælipunkta var 15 km fyrir birki, alaskaösp, alaskavíði, sitkagreni, stafafuru og síberíulerki en 20 km fyrir aðrar tegundir. Mælingar á sitkabastarð (*Picea x lutzii* Little) falla undir sama flokk og sitkagrenimælingar. Mælingarnar eru nokkuð hefðbundnar en einfaldar trjámælingar er gefa möguleika á útreikning á bolrúmmáli, meðalársvexti og árlegum vexti bolrúmmáls. Einnig var safnað upplýsingum um umhverfi hvers mæliflatar. Alls voru gerðar 605 mælingar á 235 stöðum. Niðurstöður eru birtar fyrir þrjá mælipætti vaxtar, þ.e. yfirhæð, bolrúmmál standandi trjáa og meðalársvöxt standandi trjáa á flatareiningu. Tulkun á niðurstöðum er látinn liggja milli hluta en varað er við ýmsum hættum við oftúlkun niðurstaðna. Fara verður varlega við áframhaldandi úrvinnslu niðurstaðna og taka tillit til þess að mælifletirnir eru misjafnir varðandi þætti sem hafa áhrif á bolrúmmál og vöxt standandi trjáa. Þetta eru þættir eins og upphafspéttleiki ræktunar, grisjanir og grisjunarstyrkur.

Lykilorð: trjámælingar, yfirhæð, bolrúmmál standandi trjáa, meðalársvöxtur bolrúmmáls.

2 SUMMARY

Snorrason, A.; Einarsson, S.F.; Traustason, T. & Baldursdóttir, F.D. 2001. Land capability for forestry in Iceland. Preliminary report for Northern Iceland. *Icelandic Forest Research* 6 /2001, 71 pp.

In 1997 an inventory of tree growth was initiated in order to assess land capability for forestry in Iceland. The objectives are to describe, on a regional basis, the potential growth of the following tree species most commonly used in forestry and arboriculture in Iceland:

Downy birch (*Betula pubescens* Ehrh.).

Black cottonwood (*Populus trichocarpa* Torr. & Gray).

Rowan (*Sorbus aucuparia* L.)

Fast-growing willow species; feltleaf willow (*Salix alaxensis* Cov.); dark-leaved willow (*Salix myrsinifolia* Salisb.).

Picea spp. [Sitka spruce (*Picea sitchensis* (Bong.) Carr.); Engelmann spruce (*P. engelmanni* Parry); white spruce (*P. glauca* (Moench) Voss.) and Norway spruce (*P. abies* (L.) Karst.).

Lodgepole pine (*Pinus contorta* Dougl.)

Siberian larch (*Larix sibirica* Ledeb.)

In this report we present the first results from the project, namely those concerning tree-measurements in six counties in Northern Iceland. Similar report has already been published for Western Iceland (Arnór Snorrason et.al. 2001). Measurements were carried out in 1999 and 2000, encompassing a network of sample plots for each species. The sampling scheme allowed an average distance of 15 km between sampling plots for birch, feltleaf willow, cottonwood, Sitka spruce, lodgepole pine and Siberian larch and 20 km between plots for other species. The methods of measurement were traditional and straightforward, allowing for calculations to be made for standing volume, mean annual increment and current annual increment per hectare. Furthermore, data were collected on environmental factors at each site, such as topographical exposure, soil depth, slope steepness and slope direction. In total, data were collected from 605 plots on 235 sites.

Results are presented for dominant height, standing volume and mean annual volume increment per hectare. The results are however not interpreted in detail. Owing to differences between sites in stand establishment, stand density and thinning regime, care must be taken when interpreting the results. Such interpretations will be presented in a future report.

Keywords: forest mensuration, dominant height, standing bole volume, volume growth

EFNISYFIRLIT

1	SAMANTEKT	2
2	SUMMARY	3
3	INNGANGUR	5
4	EFNI OG AÐFERÐIR	5
4.1	FORÚTTEKT	5
4.2	VAL Á TRJÁREITUM OG TRJÁM TIL MÆLINGA.....	6
4.3	MÆLIPÆTTIR	7
4.4	FRAMKVÆMD OG FJÖLDI MÆLINGA	8
4.5	ÚTREIKNINGAR.....	9
5	NIÐURSTÖÐUR	11
5.1	ALASKAÖSP (POPULUS TRICHOCARPA)	12
5.2	ALASKAVÍÐIR (SALIX ALEXENSIS)	16
5.3	BIRKI (BETULA PUBESCENS)	20
5.4	REYNIR (SORBUS AUCUPARIA).....	24
5.5	VIÐJA (SALIX BOREALIS).....	28
5.6	BLÁGRENI (PICEA ENGELMANNII)	32
5.7	HVÍTGRENI (PICEA GLAUCA).....	36
5.8	RAUÐGRENI (PICEA ABIES)	40
5.9	SITKAGRENI (PICEA SITCHENSIS).....	44
5.10	STAFAFURA (PINUS CONTORTA).....	48
5.11	RÚSSA- OG SÍBERÍULERKI (LARIX SUKACZEWII / L. SIBIRICA)...	52
5.12	SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA.....	56
6	ÁLYKTANIR	59
6.1	ÓVENJULEGIR PUNKTAR – EINFARAR (OUTLIERS)	59
6.2	FERLAR	60
6.3	SKEKKJUR OG BREYTILEIKI Í GÖGNUM OG ÚTREIKNINGUM.....	62
7	ÞAKKIR	64
8	HEIMILDIR	65
9	VIÐAUKI (APPENDIX)	67

3 INNGANGUR

Í byrjun áttunda áratugarins var framkvæmd af Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá fyrsta heildstæða landsúttekt á skógræktarskilyrðum hérlendis (Haukur Ragnarsson 1977). Í ljósi breyttra áherslna í skógrækt og aukins fjölda mælanlegra skógarreita þótti tímabært að endurtaka slíka landsúttekt með það að leiðarljósi að geta lagt fram nákvæmari niðurstöður um vaxtarskilyrði helstu trjáteguna í skóg- og trjárækt hér á landi. Einn þáttur úttektar á skógræktarskilyrðum er að afla upplýsinga um vöxt og viðgang trjáteguna, en það er gert með trjámælingum.

Alls er áætlað að um 2000 reitir verði mældir á öllu landinu og að trjámælingarnar muni taka alls þrjú sumur.

Undirbúningur og mótum verkefnisins hófst veturinn 1997-98. Þá var m. a. ákveðið að takmarka úttektina við eftirfarandi trjátegundahópa en innan þeirra eru allar þær trjátegundir sem mestu máli skipta í nútíma skógrækt og skjólbeltarækt hér á landi.

Tegundirnar eru:

1. Ilmbjörk (*Betula pubescens* Ehrh.) (gróðursett eða sáð).
2. Alaskaösp (*Populus trichocarpa* Torr. & Gray).
3. Ilmreynir (*Sorbus aucuparia* L.) (gróðursettur eða sáður).
4. Hraðvaxta víðitegundir, sem eru, alaskavíðir (*Salix alaxensis* Cov.) og viðja (*S. borealis* B.Flod).
5. Grenitegundirar sitkagreni (*Picea sitchensis* (Bong.)Carr.), blágreni (*P. engelmannii* (Parry), hvítgreni (*P. glauca* (Moench) Voss.) og rauðgreni (*P. abies* (L.) Karst.).
6. Stafafura (*Pinus contorta* Dougl.).
7. Síberíulerki (*Larix sibirica* Ledeb) (þ.e. rússa- og síberíulerki).

4 EFNI OG AÐFERÐIR

4.1 Forúttekt

Sumarið 1998 var hafist handa við að safna almennum upplýsingum um skógræktarreiti, trjæreiti og trjágróður í görðum utan stærri bæja. Safnað var upplýsingum um allan trjágróður sem var gróðursettur fyrir 15 árum eða fyrr, þ.e. fyrir 1985 eða var búinn að ná um 2 m hæð eða meira. Fyrir skjólbelti með hraðvaxta víðitegundum voru mörkin sett við 5 ára aldur frá gróðursetningu, þ.e. fyrir árið 1995 auk sömu hæðarmarka. Auk starfsmanna á Mógilsá tók fjöldi annarra starfsmanna Skógræktar

ríkisins þátt í þessum verkhluta sem kallaður var manna á milli "trjáleitinn". Tókst að mestu að safna upplýsingum af öllu landinu eða á um rúmlega 2.000 mismunandi svæðum eða stöðum sem hafa að geyma um 10.500 aðgreindar gróðursetningar (í sumum tilvikum er um aðeins stök tré að ræða).

Veturinn 1998-99 var unnið við innslátt og úrvinnslu úr gögnum sem söfnuðust í forúttekinni. Aðaltilgangurinn með henni var að gefa góðar og yfirgripsmiklar upplýsingar um trjágróður á Íslandi þannig að hægt væri að gera marktækt úrtak þegar trjáreitir og tré til nákvæmari mælinga yrðu valin.


4.2 Val á trjáreitum og trjám til mælinga

Val á trjáreitum og trjám til mælinga hófst vorið 1999 og var nýttur til þess hugbúnaður og reynsla landupplýsingardeildar Rala.

Valið fór þannig fram að unnið var með fasta viðmiðunarfarlægð milli valinna mælipunkta fyrir hverja tegund. Fyrir mikilvægustu tegundirnar; ilmbjörk, alaskaösp, alaskavíði, sitkagreni, stafafuru og siberiulerki var föst viðmiðunarfarlægð 15 km á milli valinna mælipunkta en 20 km hjá öðrum tegundum. Með þessu móti verða mælingar í úttektinni um 2000 talsins. Það er rösklega tvöföldun á mælingum frá fyrri úttekt auk þess að þær verða mun jafndreifðari um landið en raunin var þá.

Leitast var við að velja skógarreiti þar sem hægt var að koma fyrir 100m² mælifleti. Til að auka samanburðarmöguleika var reynt að mæla trjáreiti sem höfðu verið mældir áður og þá sömu mælifleti. Þar var einkum um að ræða reiti sem mældir voru í úttektinni 1973-76, lerkireiti sem Arnór Snorrason mældi 1985 (Arnór Snorrason 1987), stafafurureiti sem Aðalsteinn Sigurgeirsson mældi 1986 (Aðalsteinn Sigurgeirsson 1988), asparreiti sem Brynjólfur Jónsson mældi 1987 (Brynjólfur Jónsson 1988) auk ýmissa annarra mæliflata. Við mælingar á alaskavíði og víðju sem að jafnaði voru í skjólbeltum, voru aðeins mæld óklippt belt. Á þeim svæðum sem ekki var möguleiki á að mæla samfelldar gróðursetningar voru einstök tré eða trjáþyrpingar mældar. Ekki var leitast við að mæla elstu eða hæstu tré á hverju svæði, heldur reynt að mæla þar sem trjágróðurinn var samfelldur og gæfi nokkuð raunhæfa mynd af þeim vexti sem búast mætti við hjá viðkomandi tegund í skógrækt.

Eins og fram kemur á 1. mynd var ekki eingöngu mælt í skóglendum og skjólbeltum heldur einnig í heimagörðum. Það var gert í þeim tilvikum þar sem skóglendi og skjólbelti voru ekki til staðar. Það er afar misjafnt eftir trjátegundum á hvernig ræktunarstað mælingar fóru fram og hve stórir mælifletirnir voru.



1.mynd. Skipting mælinga eftir ræktunarstað og stærð mæliflata.
 Fig. 1. Distribution of sample plots by cultivation site and size of sample plot. "Skógur": plot located in forest or woodland; "Garður": plot in garden; "Skjólbelti": plot in shelterbelt. "Stök tré": single trees. "Stærðarflokkar": type and size of sample plot.

4.3 Mælipættir

Innan hvers mæliflatar var brjósthæðarpvermál ($D_{1,3}$) allra trjáa mælt. Meðalgrunnflötur var reiknaður og hæð þess trés sem var næst því að hafa meðalgrunnflöt mæld og vöxtur þess síðustu fimm ár. Þetta tré er kallað grunnflatarmiðjutré (GMtré). Auk þess var hæð gildasta trés mæld sem að jafnaði er með hæstu trjám í hverjum mælireit. Það er kallað yfirhæðartré (YHtré).

Fyrir trjátegundirnar alaskavíði, viðju og birki var notað í stað $D_{1,3}$ þvermál við 0,5 m lengd stofns ($D_{0,5}$) og lengd stofns í stað hæðar. Mismunur á hæð og lengd getur verið nokkur en slíkar kringumstæður eru frekar undantekning en regla og skapast oftast af snjósligi.

Umhverfispættir voru metnir s.s. jarðvegsdýpt, fjarlægð í skógarjaðar,

skjól af nær-landslagi (innan 50m fjarlægðar) og fjær-landslagi, einnig var botngróður metinn og skráður. Uppvaxtarskilyrði voru metin og skráð, þ.e. hvort trjágróðurinn var uppvaxinn á bersvæði, í skjóli skóga eða bygginga. Aldur gróðursetninga var fenginn úr gróðursetningaskrár þar sem þær voru fyrir hendi, annars frá eigendum og/eða lesinn af borkjörnum. Reynt var að meta umhirðu, þ.e. grisjanir og áburðargjöf. Í sumum tilfellum voru YH- eða GMtré svo skemmd vegna t.d. snjóbrots að þau voru ekki mælanleg. Í þeim tilfellum voru þau tré sem næst komu skilgreiningum á GM- og YH-trjám mæld og þess getið í skrá.

Nákvæm staðsetning mæliflata var mæld með GPS staðsetningartæki, miðpunktur mæliflatanna var merktur með járnhæl. Í flestum tilfellum voru mæld tré einnig merkt með málingardoppu.

4.4 Framkvæmd og fjöldi mælinga

Fyrsti hluti trjámælinga Norðurlandi fór fram sumarið 1999 og sá seinni sumarið 2000.

Mælingar 1999: (295 mælingar á 110 stöðum)

- 1.Norður – Þingeyjarsýsla
- 2.Suður – Þingeyjarsýsla
- 3.Utanverður Eyjafjörður, að Akureyri.

Mælingar 2000: (310 mælingar á 136 stöðum)

- 1.Vestur - Húnavatnssýsla
- 2.Austur – Húnavatnssýsla
- 3.Skagafjörður
- 3.Innanverður Eyjafjörður

Samtals eru þetta 235 staðir með 605 mælingum. Í viðauka eru birtar í töflu I upplýsingar um alla staði ásamt upplýsingum um fjölda mælinga á hverjum stað. Staðarkóðinn sem kemur fram í fyrsta dálki í töflu I er notaður í gröfum sem sýna hæð, bolrúmmál og bolrúmmálsvöxt. Þannig er hægt að lesa úr gröfunum frá hvaða stöðum mælingar eru birtar .

Í þessari skýrslu birtast fyrstu niðurstöður mælinga fyrir Norðurland, en áður hafa verið birtar niðurstöður fyrir Vesturland í sambærilegri skýrslu og þessari (Arnór Snorrason ofl. 2001). Endanleg úrvinnsla

mælinganna bíður lokaskýrslu verkefnisins.

4.5 Útreikningar

Reiknað er út og birt bolrúmmál standandi trjáa á ha og meðalársvöxtur bolrúmmáls standandi trjáa á ha. Bolrúmmál er hér skilgreint sem heildarrúmmál trjábols með berki. Trjábólur er skilgreindur sem bolur eða stofn trés frá jarðvegsyfirborði að hæsta toppi þess. Bolrúmmál GMtrjáa var reiknað eftir eftirfarandi jöfnum:

Fyrir alaskavíði, birki og viðju:

$$V = (((D_{0,5} / (L-0,5))^2 * \pi) / 200) * 1/3,23 * L * 1000$$

V = rúmmál bols með berki, í dm³.

D_{0,5} = þvermál bols, í sm, við 0,5 m lengd frá jörðu.

L = lengd bols, í m, frá jörðu.

Fyrir alaskaösp og reynivið:

$$V = (((D_{1,3} / (H-1,3))^2 * \pi) / 200) * 1/3,23 * H * 1000$$

V = rúmmál bols með berki, í dm³.

D_{1,3} = þvermál bols, í sm, við 1,3 m hæð frá jörðu.

H = hæð bols, í m, frá jörðu.

Fyrir þessar fimm fyrstu tegundir er notuð rúmmálsjafna sem er sambland af keilu- (cone) og strýturúmmáli (neiloid). Þessi rúmmálsform eru oft notuð til að lýsa bolrúmmáli trjáa (Philip 1994). Fyrir keilurúmmál er stuðullinn sem margfaldaður er með hæðinni (H) 1/3 en fyrir strýtu 1/4. Hér er notaður stuðull sem liggur á milli stuðlana í keilu- og strýturúmmálsjöfnum. Hann er 1/ 3,23 en með honum gefur rúmmálsjafnan svipað meðalgildi fyrir mæld GMtré af sitkagreni og rúmmálsjöfnurnar sem voru notaðar fyrir þá tegund.

Fyrir blágreni, hvítgreni, rauðgreni og sitkagreni:

$$\text{Fyrir tré með } D_{1,3} \text{ undir 10 sm: } V = 0,52 + (0,02403 * D_{1,3}^2 * H) + (0,01463 * D_{1,3} * H^2) - (0,10983 * H^2) + (0,15195 * D_{1,3} * H)$$

$$\text{Fyrir tré með } D_{1,3} \text{ milli 10 og 13 sm: } V = -31,57 + (0,0016 * H^2 * D_{1,3}) +$$

$$(0,0186 * H^2) - (2,34 * H) + (0,63 * D_{1,3} * H) + (3,2 * D_{1,3})$$

$$\text{Fyrir tré með } D_{1,3} \text{ yfir 13 sm: } V = 10,14 + (0,0124 * D_{1,3}^2 * H) + (0,03117 * D_{1,3} * H^2) - (0,36381 * H^2) + (0,28578 * D_{1,3} * H)$$

Þessar þrjár jöfnur eru gerðar fyrir rauðgreni í Noregi (Vestjordnet 1967). Þessar jöfnur gilda fyrir mjög breitt þvermálsbil og því hentugar að nota þar sem mikið er um smærri tré eins og er í þessum mælingum.

Fyrir stafafuru:

$$V = 0,1424 * H^{2,0786} * D_{1,3}^{1,9028} * (H-1,3)^{-1,0259} * (D_{1,3} + 100)^{-0,264}$$

Þessi jafna er gerð fyrir skógarfuru í Vestur-Noregi (Bauger 1995). Hana notaði Gunnar Freysteinnsson í mælingum á viðarvexti á Suðurlandi árið 1996 (Gunnar Freysteinnsson 1996).

Fyrir lerki:

$$V = e^{-2,5079 * D_{1,3}} * D_{1,3}^{1,7574} * H^{0,9808}$$

Jafnan er gerð fyrir lerki (bæði rússa- og síberíulerki) í Hallormsstaðaskógi (Norrby 1990).

Bolrúmmál standandi trjáa á flatareiningu var síðan reiknað með því að margfalda fjölda trjáa á flatareiningu með leiðréttu rúmmáli GMtrés. Með leiðréttu rúmmáli er átt við að búið er að taka tillit til fráviks grunnflatar GMtrés frá meðaltalsgrunnfleti mæliflatarins. Einnig er búið að taka tillit til annarra trjátegunda sem vaxa á mælifletinum. Meðalársvöxtur bolrúmmáls standandi trjáa er síðan reiknaður út með því að deila bolrúmmáli með aldri. Hér er notaður gróðursetningaraldur sem er skilgreindur sem fjöldi ára frá og með gróðursetningarári.

Þar sem samband er á milli meðalgrunnflatar (gmeðal) og heildargrunnflatar á ha (G/ha) er hægt að áætla G/ha, þar með fjölda stofna á ha og þ.a.l. bolrúmmál á ha. Þetta var gert í þeim tilvikum þar sem aðeins voru mæld stök tré án þess að það flatarmál sem þau stóðu á væri mælt. Þar sem þessi aðferð er notuð verður að túlka niðurstöður varlega þar sem þær eru eðlilega mun lakari að

gæðum en þar sem mælt var á fleti með þekktu flatarmáli.

Innan hvernar tegundar er gerðir meðaltalsferlar fyrir samband yfirhæðar og aldurs og bolrúmmáls standandi trjáa og aldurs. Notuð er jafna sem lýsir S-laga (sigmodial) sambandi en það er viðurkennt samband aldurs við bæði hæð og bolrúmmál (Strand 1968).

Eftirfarandi jafna er notuð:

$Y = a/(1+e^{-((X-X_0)/b)})$ þar sem Y er annað hvort yfirhæð eða bolrúmmál standandi trjáa, X er gróðursetningaráldur og a, b og X_0 eru fastar.

5 NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður eru birtar á myndrænan hátt með punkta- og ferilritum og í töflum. Fjallað er um hverja tegund fyrir sig og í lokin eru upplýsingar um þær dregnar saman. Teiknaðir eru á gröfin meðalgildisferlar fyrir breytingar á yfirhæð og rúmmáli/ha með hækkandi aldri. Hafa verður í huga að fylgnistuðlar (r^2) þeirra eru afar breytilegir og í sumum tilvikum mjög lágir. Ferlarnir eru því aðeins birtir til stuðnings ekki sem niðurstaða mælinga fyrir landsfjórðunginn.

Gerð er grein fyrir hvort mælingar voru gerðar í gördum, skjólbeltum eða skógarreitum. Mælifletirnir eru einnig flokkaðir eftir stærð. Eins og áður hefur verið getið voru einnig gerðar mælingar á stökum trjám án þess að mæla flatarmál. Þeim mælingum eru gerð skil undir flokknum "Stök tré". Fjöldi trjáa í hverri slíkri mælingu getur verið afar misjafn, frá 1 tré til 30 trjáa.

Eftirfarandi skal haft í huga: Þessar niðurstöður eru ekki endanlegar og geta breyst töluvert við nánari skoðun og úrvinnslu.

5.1 Alaskaösp (*Populus trichocarpa*)

Mældir voru ýmsir klónar af alaskaösp og þeir skráðir eftir því sem hægt var, en oftast var ekki þekkt af hvaða uppruna aspirnar voru. Alaskaöspin er hávaxnasta trjátegundin á Norðurlandi og hæstu trén sem mæld voru í þessari könnun á Norðurlandi voru alaskaaspir á Akureyri. Þær standa í bakgarði við Aðalstræti 66. Yfirhæð þeirra var 18,6 m. Alaskaaspir voru einnig hæstu mældu trén í öðrum sýslum á Norðurland að Vestur-Húnavatnssýslu undanskilinni.


Tafla 1: Fjöldi mælinga á alaskaösp og skipting í mismunandi flokka.

Table 1. Number and size of sample plots for black cottonwood.


“Skógur”: plot located in forest or woodland; “Garður”: plot in garden;

“Belti”: plot in shelterbelt; “Samtals”: total.

	Stök tré	1-39m ²	40-89m ²	≥ 90 m ²	Samtals
V-Húnavatnssýsla					
Garður	3				3
Belti					
Skógur	1			1	2
Samtals	4			1	5
A-Húnavatnssýsla					
Garður	6				6
Belti					
Skógur	2		1	2	5
Samtals	8		1	2	11
Skagafjarðarsýsla					
Garður	10	1			11
Belti					
Skógur	3			1	4
Samtals	13	1		1	15
Eyjafjarðarsýsla					
Garður	3		2		5
Belti					
Skógur	1	2		1	4
Samtals	4	2	2	1	9
S-Þingeyjarsýsla					
Garður	4		1		5
Belti					
Skógur	7	1	3	2	13
Samtals	11	1	4	2	18
N-Þingeyjarsýsla					
Garður	9				9
Belti					
Skógur					
Samtals	9				9
Samtals:	49	4	7	7	67



2. mynd. Yfirhæð alaskaaspar hnituo á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 2. Dominant height ("Yfirhæð") of Black cottonwood (*Populus trichocarpa*) plotted against age (years from planting). Measurements were carried out in 1999 and 2000. "Mælt í": measured in. "Skógur": plot located in forest or woodland; "Garður": plot in garden; "Skjólbelti": plot in shelterbelt. "Stærð mæliflata": size of measurement plot. "Stök tré": single trees. Letters within symbols refer to locations listed in appendix.



4. mynd. Meðalársvöxtur bolrúmmáls alaskaaspar hnitaður á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 4. Mean annual bole volume increment of Black cottonwood plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.


5.2 Alaskaviðir (*Salix alexensis*)

Reynt var að velja til mælinga aðeins einn klón sem gengur undir heitunum brúnn alaskaviðir, Gústaviðir eða tröllaviðir. Hann er lang algengasti klónn alaskaviðis í ræktun hér á landi. Mælingar á skjólbeltum voru látnar ganga fyrir mælingum á garðabeltum eða einstökum trjám og sneitt hjá beltum sem höfðu verið klippt.


Lengsti víðirinn var 6,95 m á lengd og stendur hann á Sellandi innst í Fnjóskadal, S-Þingeyjarsýslu, hann var skráður 24 ára. Sá sem skráður var elstur (29 ára) var næstlengsti (6,90 m) og stendur í beltum á Víðivöllum/Víðifelli í Fnjóskadal.

Tafla 2: Fjöldi mælinga á alaskaviði og skipting í mismunandi flokka.
*Table 2. Number and size of sample plots for Feltleaf willow (*Salix alexensis*). "Skógur": plot located in forest or woodland; "Garður": plot in the garden; "Belti": plot in shelterbelt; "Samtals": total.*


		Stök tré	1-39m ²	40-89m ²	≥ 90 m ²	Samtals
V-Húnavatnssýsla	Garður		1			1
	Belti		3			3
	Skógur					0
	Samtals	0	4	0	0	4
A-Húnavatnssýsla	Garður		2			2
	Belti		6			6
	Skógur					0
	Samtals	0	8	0	0	8
Skagafjarðarsýsla	Garður		2			2
	Belti	1	6			7
	Skógur					0
	Samtals	1	8	0	0	9
Eyjafjarðarsýsla	Garður		1			1
	Belti	1	4	1		6
	Skógur		1			1
	Samtals	1	6	1	0	8
S-Þingeyjarsýsla	Garður	1	1			2
	Belti		5	1		6
	Skógur		2	1		3
	Samtals	1	8	2	0	11
N-Þingeyjarsýsla	Garður	2	6			8
	Belti			1		1
	Skógur					0
	Samtals	2	6	1	0	9
Samtals:		5	40	4	0	49



5. mynd. Yfirlengd alaskaviðis hnitúð á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 5. Dominant "length" ("Yfirlengd") of Feltleaf willow plotted against age (years from planting). Measurements were carried out in 1999 and 2000. For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



6. mynd. Bolrúmmál alaskaviðis hnitað á móti gróðursetningaraldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 6. Total standing bole volume of Feltleaf willow plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.




7. mynd. Meðalársvöxtur bolrúmmáls alaskavíðis hniðaður á móti gróðursetningaraldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 7. Mean annual bole volume increment of Feltleaf willow plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.

5.3 Birki (*Betula pubescens*)


Margir ræktaðir birkiteigar á Norðulandi eru sérlega hávaxnir. Í tveimur sýslum finnast “yfirlengdartré” með tveggjastafa tölu. Það lengsta sem mælt var stóð á Víðvöllum í Fnjóskadal. Það mældist 11,4 m langt og var skráð 78 ára gamalt.

Tafla 3: Fjöldi mælinga á birki og skipting í mismunandi flokka.
*Table 3. Number and size of sample plots for downy birch (*Betula pubescens*). “Skógur”: plot located in forest or woodland; “Garður”: plot in garden; “Belti”: plot in shelterbelt; “Samtals”: total.*

		Stök tré	1-39m ²	40-89m ²	≥ 90 m ²	Samtals
V-Húnavatnssýsla	Garður	2				2
	Belti					0
	Skógur	1		1	1	3
	Samtals	3	0	1	1	5
A-Húnavatnssýsla	Garður	4			1	5
	Belti					0
	Skógur			2	5	7
	Samtals	4	0	2	6	12
Skagafjarðarsýsla	Garður	1	2	3		6
	Belti					0
	Skógur	1		2	5	8
	Samtals	2	2	5	5	14
Eyjafjarðarsýsla	Garður					0
	Belti					0
	Skógur		1	1	8	10
	Samtals	0	1	1	8	10
S-Þingeyjarsýsla	Garður	2	1	2	2	7
	Belti	1				1
	Skógur	1	1	5	3	10
	Samtals	4	2	7	5	18
N-Þingeyjarsýsla	Garður	8	1			9
	Belti					0
	Skógur			1		1
	Samtals	8	1	1	0	10
Samtals:		21	6	17	25	69



9. mynd. Bolrúmmál birkis hnitað á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 9. Total standing bole volume of downy birch plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



10. mynd. Meðalársvöxtur bolrúmmáls birkis hnitaður á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 10. Mean annual bole volume increment of downy birch plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.


5.4 Reynir (*Sorbus aucuparia*)

Elstu ræktuðu tré sem þekkt eru á Íslandi eru gömlu reynitrén á Skriðu í Hörgárdal gróðursett á árunum 1820-1830 (Hákon Bjarnason 1957). Þau eru mæld hér og höfð með í úttektinni meira til gamans en í alvöru. Eftir standa 3 lifandi tré en þau hafa öll "lækkað" töluvert með árunum þar sem toppurinn á þeim hefur brotnað af vegna fúa. Hæsti mældi reyniviðurinn var 10,3 m hár og stóð hann í trjáreit á Hrafnagili í Eyjafirði. Hann var skráður 88 ára haustið 1999.

Tafla 4: Fjöldi mælinga á reyni og skipting í mismunandi flokka.


Table 4. . Number and size of sample plots for rowan (*Sorbus aucuparia*). "Skógur": plot located in forest or woodland; "Garður": plot in garden; "Belti": plot in shelterbelt; "Samtals": total.

		Stök tré	1-39m ²	40-89m ²	≥ 90 m ²	Samtals
V-Húnavatnssýsla	Garður	7				7
	Belti					
	Skógur					
	Samtals	7				7
A-Húnavatnssýsla	Garður	7				7
	Belti					
	Skógur					
	Samtals	7				7
Skagafjarðarsýsla	Garður	7			1	8
	Belti					
	Skógur			1		1
	Samtals	7		1	1	9
Eyjafjarðarsýsla	Garður	2	1	4		7
	Belti					
	Skógur	1			1	2
	Samtals	3	1	4	1	9
S-Þingeyjarsýsla	Garður	5			1	6
	Belti					
	Skógur	2		1		3
	Samtals	7		1	1	9
N-Þingeyjarsýsla	Garður	6				6
	Belti					
	Skógur					
	Samtals	6				6
Samtals:		37	1	6	3	47




11. mynd. Yfirlengd reynis hnitúð á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.

Fig. 11. Dominant "length" ("Yfirlengd") of rowan plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



12. mynd. Bolrúmmál reynis hnitæð á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 12. Total standing bole volume of rowan plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



13. mynd. Meðalársvöxtur boiúmmáls reynis hnitaður á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 13. Mean annual bole volume increment of rowan plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.


5.5 Viðja (*Salix borealis*)

Viðjan á Norðurlandi er töluvert breytileg og getur við sérstakar aðstæður orðið mjög bein- og hávaxin og líkist þá mun fremur tré en hávöxnum runna. Þetta á t.d. við hjá viðjunni sem hefur mesta "yfirlengd" í þessari úttekt. Hún stendur á Laugabóli í Reykjadal í S.-Þingeyjarsýslu og talin vera gróðursett 1959. Yfirlengdin var 8,7 m en lengd grunnmiðjutrés var mun meiri eða 11,05 m. Í þessu tilviki var lengd jöfn hæð og er þetta efalaust ein hávaxnasta viðja á Íslandi.

Tafla 5: Fjöldi mælinga á viðju og skipting í mismunandi flokka.


Table 5. Number and size of sample plots for dark-leaved willow (Salix myrsinifolia). "Skógur": plot located in forest or woodland; "Garður": plot in garden; "Belti": plot in shelterbelt; "Samtals": total.

		Stök tré	1-39m ²	40-89m ²	≥ 90 m ²	Samtals
V-Húnavatnssýsla	Garður					
	Belti		1			1
	Skógur					
	Samtals		1			1
A-Húnavatnssýsla	Garður	2				2
	Belti					
	Skógur					
	Samtals	2				2
Skagafjarðarsýsla	Garður		1			1
	Belti		3			3
	Skógur					0
	Samtals		4			4
Eyjafjarðarsýsla	Garður		1			1
	Belti		6			6
	Skógur		1			1
	Samtals		8			8
S-Þingeyjarsýsla	Garður	1				1
	Belti		6			6
	Skógur		1	1		2
	Samtals	1	7	1		9
N-Þingeyjarsýsla	Garður	3	2			5
	Belti		1			1
	Skógur					
	Samtals	3	3			6
Samtals:		6	23	1		30




14. mynd. Yfirlengd viðju hnitúð á móti gróðursetningaraldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.

Fig. 14. Dominant "length" ("Yfirlengd") of dark-leaved willow plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



15. mynd. Bolrúmmál viðju hnitað á móti gróðursetningaraldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.

Fig. 15. Total standing bole volume of dark-leaved willow plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



16. mynd. Meðalársvöxtur bolrúmmáls viðju hnitaður á móti gróðursetningaraldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.


Fig. 16. Mean annual bole volume increment of dark-leaved willow plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.

5.6 Blágreni (*Picea engelmannii*)


Ekki voru mæld hér nein blágreni sem náðu tveggja stafa tölu á hæðina enda tegundin þekkt fyrir að vera hægvaxta. Hæsta mælda blágrenið stóð í Grundareit í Eyjfirði. Það var 9,5 m hátt og var skráð 41 árs sumarið 2000. Elsta blágrenin sem mæld voru á Norðurlandi voru litlu eldri eða 50 ára gömul þannig að reynslutíminn er stuttur.

Tafla 6: Fjöldi mælinga á blágreni og skipting í mismunandi flokka.
Table 6. Number and size of sample plots for Engelmann spruce (Picea engelmannii). "Skógur": plot located in forest or woodland; "Garður": plot in garden; "Belti": plot in shelterbelt; "Samtals": total.

		Stök tré	1-39m ^c	40-89m ^c	≥ 90 m ^c	Samtals
V-Húnavatnssýsla	Garður	1				1
	Belti					0
	Skógur		1	1	1	3
	Samtals	1	1	1	1	4
A-Húnavatnssýsla	Garður	1				1
	Belti					0
	Skógur	2			2	4
	Samtals	3	0	0	2	5
Skagafjarðarsýsla	Garður	5				5
	Belti					0
	Skógur	2		2	3	7
	Samtals	7	0	2	3	12
Eyjafjarðarsýsla	Garður	2				2
	Belti					0
	Skógur			1	2	3
	Samtals	2	0	1	2	5
S-Þingeyjarsýsla	Garður	2				2
	Belti					0
	Skógur			2	6	8
	Samtals	2	0	2	6	10
N-Þingeyjarsýsla	Garður	4				4
	Belti					0
	Skógur				1	1
	Samtals	4	0	0	1	5
Samtals:		19	1	6	15	41




17. mynd. Yfirhæð blágrenis hnitúð á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 17. Dominant height ("Yfirhæð") of Engelmann spruce plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



18. mynd. Bolrúmmál blágrenis hnitað á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.

Fig. 18. Total standing bole volume of Engelmann spruce plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.




19. mynd. Meðalársvöxtur bolrúmmáls blágrænis hnitaður á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 19. Mean annual bole volume increment of Engelmann spruce plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.

5.7 Hvítgreni (*Picea glauca*)


Töluverður hluti þeirra kvæma af hvítgreni sem gróðursett eru á Norðurlandi eru ekki hrein hvítgrenikvæmi heldur íblönduð sitkagreni í mismiklum mæli (Sigurgeirsson 1992). Þessi kvæmi, sem ættuð eru frá Kenai-skaga í Alaska er oft erfitt að greina frá sitkagreni og sitkabastarðskvæmum frá sama svæði, bæði hvað varðar útlits- og vaxtareinkenni. Fáein kvæmi frá sunnanverðri Bresku Columbíu geta verið blönduð blágreni. Önnur kvæmi hvítgrenis eru óblönduð og auðþekkjandleg. Hæst mældu hvítgrenið á Norðurlandi stóð í Kjarnskógi. Því er plantað 1958 og var yfihæð þess 8,8 m árið 2000.

Tafla 7: Fjöldi mælinga á hvítgreni og skipting í mismunandi flokka.
Table 7. Number and size of sample plots for white spruce (Picea glauca). "Skógur": plot located in forest or woodland; "Garður": plot in garden; "Belti": plot in shelterbelt; "Samtals": total.


		Stök tré	1-39m ²	40-89m ²	≥ 90 m ²	Samtals
V-Húnavatnssýsla	Garður					0
	Belti					0
	Skógur		1		1	2
	Samtals	0	1	0	1	2
A-Húnavatnssýsla	Garður	2				2
	Belti					0
	Skógur			1		1
	Samtals	2	0	1	0	3
Skagafjarðarsýsla	Garður					0
	Belti					0
	Skógur			2	3	5
	Samtals	0	0	2	3	5
Eyjafjarðarsýsla	Garður	1				1
	Belti					0
	Skógur	1		2	2	5
	Samtals	2	0	2	2	6
S-Þingeyjarsýsla	Garður					0
	Belti					0
	Skógur	1	2	1	4	8
	Samtals	1	2	1	4	8
N-Þingeyjarsýsla	Garður					0
	Belti					0
	Skógur				3	3
	Samtals	0	0	0	3	3
Samtals:		5	3	6	13	27



20. mynd. Yfirhæð hvítgrenis hnituoð á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 20. Dominant height ("Yfirhæð") of white spruce plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



21. mynd. Bolrúmmál hvítgrenis hnitað á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 21. Total standing bole volume of white spruce plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on




22. mynd. Meðalársvöxtur bolrúmmáls hvítgrenis hnitaður á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000. Fig. 22. Mean annual bole volume increment of white spruce plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.

5.8 Rauðgreni (*Picea abies*)


Rauðgreni á Laugabóli í Reykjadal var hæst af því rauðgreni sem mælt var á Norðurlandi. Yfirhæð þess reyndist vera 10,8 m en það er gróðursett á afar frjósamann og skjólgóðann stað árið 1953. Elsta rauðgrenið sem var mælt er gróðursett í Vaglaskógi 1948. Yfirhæð þess var 7,7 m.

Tafla 8: Fjöldi mælinga á rauðgreni og skipting í mismunandi flokka.
Table 8. Number and size of sample plots for Norway spruce (Picea abies). "Skógur": plot located in forest or woodland; "Garður": plot in the garden; "Belti": plot in shelterbelt; "Samtals": total.


		Stök tré	1-39m ²	40-89m ²	≥ 90 m ²	Samtals
V-Húnavatnssýsla	Garður					
	Belti					
	Skógur					
	Samtals					
A-Húnavatnssýsla	Garður					
	Belti					
	Skógur			3	2	5
	Samtals			3	2	5
Skagafjarðarsýsla	Garður					
	Belti					
	Skógur	3		2	3	8
	Samtals	3		2	3	8
Eyjafjarðarsýsla	Garður					
	Belti					
	Skógur			3	7	10
	Samtals			3	7	10
S-Þingeyjarsýsla	Garður					
	Belti					
	Skógur			1	10	11
	Samtals			1	10	11
N-Þingeyjarsýsla	Garður					
	Belti					
	Skógur	1			2	3
	Samtals	1			2	3
Samtals:		4	0	9	24	37



23. mynd. Yfirhæð rauðgrenis hnituoð á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000. Fig. 23. Dominant height ("Yfirhæð") of Norway spruce plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



24. mynd. Bolrúmmál rauðgrenis hniðað á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 24. Total standing bole volume of Norway spruce plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.



25. mynd. Meðalársvöxtur bolrúmmáls rauðgrenis hnítaður á móti gróðursetningaráldri. Mælingar á Norðurlandi 1999-2000.
 Fig. 25. Mean annual bole volume increment of Norway spruce plotted against age (years from planting). For further translation, refer to Fig. 2 on p.13.


5.9 Sitkagreni (*Picea sitchensis*)

Hér er gerð grein fyrir mælingum á sitkagreni og sitkabastarð (*Picea x lutzii*) sem er blendingur af sitkagreni og hvítgreni. Upphaflega stóð til að halda mælingum á sitkabastarð aðskildum en þegar á reyndi var afar erfitt að greina sitkabastarð frá sitkagreni þar sem tegundanafn hafði ekki verið skráð. Ástæðan fyrir því er að það sitkagreni sem ræktað er hér á landi er í langflestum tilvikum íblandað hvítgreni og eru því hvítgrenieinkenni sitkabastarðs til staðar (Sigurgeirsson 1992). Hæsta sitkagrenið sem mælt var á Norðurlandi er gróðursett 1953 á Laugabóli í Reykjadal í S.-Þingeyjarsýslu.


Tafla 9: Fjöldi mælinga á sitkagreni og skipting í mismunandi flokka.

Table 9. Number and size of sample plots for Sitka spruce (*Picea sitchensis*). "Skógur": plot located in forest or woodland; "Garður": plot in garden; "Belti": plot in shelterbelt; "Samtals": total.

		Stök tré	1-39m ²	40-89m ²	≥ 90 m ²	Samtals
V-Húnavatnssýsla	Garður	3		1	1	5
	Belti					
	Skógur	1		2	2	5
	Samtals	4		3	3	10
A-Húnavatnssýsla	Garður	6	1			7
